

Sþ. 142. Tillaga til þingsályktunar [111. mál]
um elliheimili á Dalvík, er reist verði í minningu Bjarna Pálssonar landlæknis.

Flm.: Hjalti Haraldsson, Ingvar Gíslason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að minnzt verði 250 ára afmælis Bjarna Pálssonar landlæknis með því að stuðla að því, að reist verði á Dalvík elliheimili, er við hann sé kennt.

Greinargerð.

Í tillögu þessari er gert ráð fyrir því, að ríkisstjórnin hlutist til um, að reist verði á Dalvík elliheimili í minningu Bjarna Pálssonar, fyrsta landlæknis á Íslandi.

Eins og víða má sjá, höfum við Íslendingar gjarnan minnzt forustumanna okkar á ýmsum sviðum með því að reisa þeim minnisvarða hér og þar og oft varið til þess miklum fjármunum, sem koma þó að litlum og eins oft engum notum fyrir þjóðarheildina. Ekki verður því á móti mælt, að Bjarni Pálsson, fyrsti landlæknir á Íslandi, er ekki síður verður þess, að hans sé minnzt, en margir aðrir, sem þegar er búið að setja á stalla við ærinn tilkostnað. En í þessari tillögu er gert ráð fyrir því, að það verði gert á annan hátt en oftast áður, þ. e. a. s. með byggingu elliheimilis, sem ætlað er að reisa þar, sem Bjarni fæddist 12. maí árið 1719, og minningin þannig tengd þeim vettvangi, sem hann vann á sitt erfiða brautryðjanda- og ævistarf. Má því segja, að þjóðinni sé skyldugt verkefnið á tvennan hátt og þingheimur geti fallið á að heiðra hann þannig, um leið og það veitir öldruðum Íslendingum skjól í minningu hans, og verður hvorugt talið vonum fyrr.